



## Lokafundur á Kýpur

Þann 2. og 3. mars hittust samstarfsaðilar verkefnisins í Nikósíu á Kýpur í húsnæði STANDOUT. Þetta var mjög mikilvægur fundur þar sem komið er að síðasta áfanga verkefnisins og mörg smáatriði ennþá óljós.

Við fórum yfir þróunarferlið fyrir prófanir á sýndarveruleikanum, samstarfsfundi og lokaskref miðlunar og önnur atriði fyrir lokaskýrslu alþjóðlegu skrifstofunar.



Sumir þátttakendur óskuðu eftir auknu sýndarveruleika námsefni og sértækari þjálfun varðandi fjölbreytileika og nám án aðgreiningar. Þessvegna voru samstarfsaðilar sammála um að sækja um framhaldsverkefni með megináherslu á þessa þætti og að þessu sinni með Strató í fararbroddi sem vonast eftir tækifæri til að halda áfram með þetta verkefni og frjóa samstarf.

## Prufu námskeið

Eftir fundinn á Kýpur og endurgjöfina frá fyrsta prufunámskeiðinu héldu samstarfsaðilar áfram prófunum á COMP+ námskeiðunum.

Niðurstöðurnar voru mjög jákvæðar og sýndarveruleikahlutanum var mjög vel tekið og árangursríkur fyrir nemendur. Jafnframt sýndu þessi prufunámskeið að við þurfum að fínastilla nokkur atriði sem tekið verður á þar til verkefninu lýkur.



## Samstarfsfundir



Loksins, eftir næstum þriggja ára vinnu gátum við kynnt lokaafurðina okkar á samstarfsfundum innanlands. Allir samstarfsaðilar í verkefninu gátu innleitt námsefnið augliti til auglitis. Fundirnir voru líka frábært tækifæri til að hitta og tengjast nýjum samstarfsaðilum, sérstaklega þar sem verkefnið hófst á meðan Covid-19 stóð yfir. Áhuginn á verkefninu og COMP+ efninu var mikill og enn og aftur fengum við jákvæð viðbörgð frá markhópnum og hagsmunaaðilum sem staðfestir mikilvægi og notagildi verkefnisins.



Fylgstu með á heimasíðu verkefnisins -

[www.competenceplusproject.eu](http://www.competenceplusproject.eu)



Co-funded by the  
Erasmus+ Programme  
of the European Union

Project 2020-1-DE02-KA202-007585

"The support of the European Commission for the production of this publication does not imply acceptance of its contents, which is the sole responsibility of the authors. The Commission cannot therefore be held responsible for any use which may be made of the information contained therein."

